



Umboðsmaður barna
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Gjaldtaka í strætisvögnum fyrir börn

Vísað er til bréfs umboðsmanns barna dags. 16. september 2022 um gjaldtöku í strætisvögnum fyrir börn. Stjórn Strætó vann á sínum tíma að því að einfalda og samræma gjaldskrá félagsins sem miðaði m.a. að því að samgöngukostnaður heimila yrði sambærilegur eða lægri en í fyrri gjaldskrá. Hluti af þeim breytingum var að aldursviðmið barna sem fá frítt í Strætó var hækkað úr 6 árum og yngri í 11 ára og yngri og fær sá aldurshópur því frítt í strætó í samræmi við ofangreint markmið. Þannig hefur nú þegar verið stigið stórt skref í málinu. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó hafa þessar breytingar gefist vel og notkun þessa aldurshóps aukist talsvert. Líkt og fram kemur í erindi þínu hefur borgarstjórnarmeirihlutinn sett stefnuna á að hækka þetta aldursviðmið þannig að það nái til allra barna á grunnskólaaldri. Samkvæmt samantekt Strætó er beinn kostnaður við aðgerðina að hafa frítt í strætó fyrir 15 ára og yngri 381 m.kr. á ári en um 70% af greiðendum ungmennafargjalda tilheyra aldurshópnum 12-15 ára.

Strætó er byggðasamlag og rekið af sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Rekstrarvandi Strætó eftir Covid faraldurinn hefur verið umtalsverður líkt og áætlanir gerðu ráð fyrir. Ísland sker sig frá öðrum Norðurlöndum og raunar löndum víðar í Evrópu í því að ríkissjóður hefur nánast ekkert stutt fjárhagslega við bakið á almenningssamgöngum, þrátt fyrir augljós áhrif sóttvarnaraðgerða á rekstur þeirra. Af þessum sökum er ljóst að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár verður mikil áskorun fyrir stjórn Strætó og sveitarfélögin. Líkt og fram kemur í umsögn Sambands sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Strætó við drög að Grænbók um samgöngumál 2021 þá þarf ríkið að taka á sig veigameira hlutverk við fjármögnun almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Föst framlög sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu nema tæpum 4,2 milljarði króna á ári en fast framlag ríkisins er um 900 m.kr. Við fast framlag sveitarfélaganna bætist um 470 m.kr framlag til niðurgreiðslu á fargjöldum aldara, öryrkja og nemenda. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eftir Covid var vonast eftir um 900 m.kr. framlagi frá ríkinu 2021 en það gekk því miður ekki eftir. Í raun varð tekjufall Strætó um 1,7 milljarður vegna Covid en ríkið hefur aðeins lagt félaginu til um 120 m.kr. Samkvæmt eigendastefnu Strætó er gert ráð fyrir að fargjaldatekjur standi undir 40% af rekstri félagsins en raunin er aðeins um 30% sem hefur leitt til aukinna framlaga sveitarfélaganna.

Undanfarin misseri hafa staðið yfir viðræður á milli fulltrúa SSH og þriggja ráðuneyta ríkisins, innviðaráðuneytis, forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, um samkomulag um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og aðkomu ríkisins að því. Viðræðurnar standa enn yfir og skiptir niðurstaða þeirra miklu máli um sjálfbærni í rekstri almenningssamgangna og hversu fljótt hægt er að bjóða öllum börnum upp á ókeypis almenningssamgöngur. Í mínum huga er alla vega ljóst að það er eitt mikilvægasta verkefni höfuðborgarsvæðisins í mörgum skilningi að snúa vörn í sókn í almenningssamgöngum.



Reykjavíkurborg

Þar sem umboðsmaður barna hefur sýnt málefnum almenningssamgangna mikla athygli er hér með óskað eftir því að umboðsmaður tali máli þeirra við stjórnvöld og Alþingi, í nafni barna, bættrar stöðu umferðarmála og loftslagsins, sameiginlegrar framtíðar allra kynslóða. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Virðingarfyllt,

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi umboðsmanns barna til Reykjavíkurborgar vegna gjaldtöku í strætisvögnum fyrir börn, dags. 16.09.2022.



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavíkurborg
b.t. borgarstjóra

Reykjavík 16. september 2022

Efni: Gjaldtaka í strætisvögnum fyrir börn

Þann 3. desember á síðasta ári, sendi umboðsmaður barna bréf til framkvæmdastjóra og stjórnar Strætó bs., þar sem óskað var skýringa vegna nýrrar gjaldskrár, en samkvæmt henni hækkaði gjald fyrir árskort ungmenna verulega, eða úr 25.000 kr. í 40.000 kr., en hækkunin nam um 60%. Á sama tíma voru gjöld fyrir mánaðarkort fullorðinna notenda þjónustu Strætó bs. lækkuð.


Þann 24. janúar sl., sendi umboðsmaður barna bréf til borgarstjóra Reykjavíkur og bæjarstjóra Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, þar sem óskað var svara við því hvernig umrædd hækkun samræmist bestu hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskaði umboðsmaður eftir svörum við því hvort mat hafi verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkunin snerti hvað mest, þ.e. börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Þá óskaði umboðsmaður barna eftir skýringum borgarstjóra og bæjarstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á því, hvernig umrædd sveitarfélög, sem hafa öll lýst því yfir að vera barnvæn, rökstyðja umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu fyrir börn. Engin svör hafa borist frá borgarstjóra og umboðsmaður barna vill því minna á að bréfinu er enn ósvarað, tæpum átta mánuðum eftir að það var sent. Tekið skal sérstaklega fram að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu og unnið að því að stjórnvöld taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, á öllum sviðum samfélagsins.

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar í Reykjavíkurborg, frá júní 2022, er m.a. fjallað um fyrstu breytingar sem hinn nýi meirihluti borgarstjórnar hyggst ráðast

Í þar kemur m.a. fram að strætósamgöngur eigi að verða ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri. Ekki hefur komið fram hvenær eigi að ráðast í umræddar breytingar, né með hvaða hætti.

Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af því að um er að ræða breytingar sem nýr meirihluti tilgreindi sérstaklega að ættu að vera með fyrstu aðgerðum sem ráðast átti í, óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvenær til standi að ráðast í umræddar breytingar. Einnig óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort Reykjavíkurborg muni beita sér fyrir því að um samstarfsverkefni allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði að ræða, til að tryggja niðurfellingu á gjaldtöku í strætisvögnum fyrir öll börn á grunnskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu, óháð búsetu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna